

Ársskýrsla 2013



Frá Vökudögum 2013:

Frá v.: Þorsteinn frá Hamri, Vigdís Grímsdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir, Eiríkur Guðmundsson og Jón Kalman

Lykiltölur 2013:

Útlánuð gögn: 60.786 (63.117)*

Útlán á íbúa: 9,08 (9,51) safngögn.

Millisafnalán: 470 (588) safngögn.

Skráðir lánþegar í árslok 2013: 1.739 (1.783). Þriggja ára tímabil: 3.152 (3.104) lánþegar.

Heimsóknir (skipulagðar) leikskólabarna: 14 (19) heimsóknir ; 175 (298) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 4. bekkur: 8 (8) heimsóknir ; 101 (71) börn ; 8.-10. bekkur: 3 (5) heimsóknir, 80 (93) nemendur.

Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: ca 4 (8) heimsóknir; 100 (186) börn

Þjónustutími: 43/40 (43/40) klst. á viku /þjónustudagar: 276 (278)

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið , áætlað)

Svöfusalur: 5 (10) nemendur sækja reglulega fjarfundi ; 0 (32) nemendur tóku próf ; fjöldi prófa : 0 (183) .

Svöfusalur: aðgangskort: 31 (25)

Bókin heim og útlán á Höfða: 3.157 (2.159)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok 2013: 81.460 (79.505)

Starfsfólk: 6 (6) manns 5.05 (5.05) stöðugildi

Íbúafjöldi 1. des. 2013: 6.697 (6.592)

*(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga) .

Tölfræðiupplýsingar sóttar á vef Landskerfi bókasafna, *Árslokatölfræði fyrir árið 2013.*

Stjórn safnsins og starfsfólk

Bókasafn Akraness er almenningubókasafn og rekið af Akraneskaupstað. Safnið starfar samvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012, frá 1. janúar 2013.

Safnið heyrir undir Menningarmálanefnd. Formaður er Guðríður Sigurjónsdóttir.

Starfsfólk

Við bókasafnið starfa 6 starfsmenn í 5,05 (5,05) stöðuhlutfalli. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi, einn starfsmaður í 95% starfi og einn starfsmaður í 10% starfi yfir vetrarmánuðina. Lausráðinn starfsmaður var í 95% forfallastöðu í 8 mánuði.

Starfsfólk: Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður, Nanna Þóra Áskelsdóttir deildarstjóri, staðgengill bæjarbókavörðar. Nanna vinnur einnig við Ljósmyndasafn Akraness; Ásta Björnsdóttir bókavörður / umsjón með barnastarfi, innheimta; Helgi Steindal bókavörður / millisafnalán, upplýsingaþjónusta; Erla Dís Sigurjónsdóttir bókavörður/ Bókin Heim, þjónusta við Höfða. Erla Dís var í stöðu héraðsskjalavörðar 1. janúar – 31. ágúst. Geirlaug Jóna Rafnsdóttir bókavörður / Bókin heim og þjónusta við Höfða (lausráðin í 8 mánuði); Ólöf Eir Jónsdóttir, bókavörður/ sumarafleysing og laugardagsvaktir yfir vetrarmánuðina. Freyr Karlsson vinnur 2 klst í viku yfir vetrarmánuðina.


Bókasafn, skjalasafn og Kirkjuhvoll listasetur sóttu um og fengu starfsmann í Liðstyrkisverkefni á árinu. Sif Ólafsdóttir var ráðin í 6 mánaða starf.



Frá fundi safnafólks á Akranesi með Borgnesingum. Frá v.: Anna Leif Elísdóttir, Jóhanna Skúladóttir, Halldóra Jónsdóttir, Jón Allansson, Nanna Þóra Áskelsdóttir og Erla Dís Sigurjónsdóttir. Á myndina vantar Sævar Inga Jónsson og ljósmyndarann Guðrúnu Jónsdóttur.

Endurmenntun

Samtök forstöðumanna almenningubókasafna (SFA) stóðu fyrir ferð til Hollands 11.-14. apríl 2013. Aðalfundur samtakanna var haldinn í ferðinni en einnig voru skipulagðar heimsóknir í fjögur almenningubókasöfn, í minjasafn um smíði skipa frá 17. öld og Háskólasafnið í Amsterdam. Hollendingar eru mjög framarlega í þróun bókasafna og var markmið heimsóknanna að kynnst þeim og taka heim með sér nýjar hugmyndir og þekkingu. Hér eru nokkrar myndir frá ferðinni. Forstöðukonur á Vesturlandi á mynd >



Starfsfólk sótti námskeið í samskiptamiðlum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands ; fræðslufundi og námskeið, m.a. tveggja daga námskeið í bókaviðgerðum.


Útlán og stafræn þjónusta

Útlán héldu áfram að dragast saman, á landsvísu, milli ára 2012 og 2013. Þessi samdráttur hófst árið 2010 en fram að þeim tíma var aukning útlána á milli ára umtalsverð. Útlánuð safngögn Bókasafns Akraness voru samtals **60.786** (63.117). Samdráttur milli ára um 3,6 % (3.8%). En starfsemi bókasafna snýst um margt annað en útlán safngagna.

Útlán á Höfða voru 1712 (1152) safngögn. Að jafnaði notfærðu sér 13 manns þjónustuna í mánuði. Bókin heim lánaði 1445 (1007) safngögn. Að jafnaði voru 6 lánþegar í þessum hóp, á mánuði. Koffort - farandbókasafn í leikskóla lánaði 550 (940) bækur.

Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu árið 2013

Bókasafn Akraness (AKRAV)	Lánþegastaða	Lán
	01 – Alm lánþegar	28.700 (32.481)
	03 – Börn yngri en 18 ára	11.807 (11.687)
	04 – Frítt skirteini	13.767 (13.606)
	06 – Bókin heim /skip	1.732 (1.105)
	08 – Stofnanir / fyrirtæki	4.310 (3.691)
	80 – MSL innlend söfn	470 (547)
		60.786 (63.117)



Á þessari töflu má sjá að lánþegar endunýja sjálfir á vefnum gegnir.is, utan afgreiðsutíma. Meginþungi útlána er sídegis á daginn. Mikil útlán upp úr kl. 11 skýrist m.a. af laugardagsopnum yfir vetrarmánuðina.

Stafræn þjónusta.

Bókasafnið er eitt af 175 greiðendum að gagnasafnshluta **hvar.is**.

1. janúar 2014 voru Íslendingar 325.671 og íbúar á Akranesi 6.697, um 2,05 % landsmanna.

Á hvar.is sóttu landsmenn alls 1.261.809 greinar í Landsaðgang (Morgunblaðið ekki talið með). Þar af var hlutfall Akuresinga 25.928 greinar. Í Morgunblaðsvefinn sóttu landsmenn 2.598.115 greinar.

Áætluð notkun akurnesinga er 53.262 greinar. [Notkunartölur sóttar á hvar.is, Skýrsla frá mars 2013].

Safnkostur

Heildarfjöldi titla í árslok 2013: **41.380** (40.138)

Heildareign eintaka í árslok 2013 var **81.460** (79.505). Árið 2013 voru 708 (1220) eintök keypt af útgáfu ársins 2013 (2012). Það er áhyggjuefni hvað draga hefur þurft úr bókakaupum svo reksturinn standist áætlun.

Afskrifuð eintök á árinu 1.907 (1.128).

Eintakafjöldi eftir efnistegund í árslok 2013

Bókasafn Akraness (AKRAV)	
Bók BOOK	57.546 (55.979)
Gagnasett KIT	184 (171)
Geisladiskur CD	818 (809)
Geisladiskur/hljóðbók CDSP0	710 (766)
Hljómplata LPREC	36 (36)
Innb. tímarit ISSBD	1.930 (1.847)
Kort MAP	17 (17)
Myndband VIDEO	419 (525)
Mynddiskur DVD	875 (836)
Nótur MUSIC	110 (93)
Snælda AUDIO	138 (155)
Snælda/hljóðbók AUDSP	67 (93)
Spil CARD	5 (5)
Tímaritshefti ISSUE	18.550 (18.116)
Tæki EQUIP	6 (6)
Tölvugögn DIGIT	49 (51)
81.460 (79.505)	

Lánþegar

Ef skoðuð er skýrsla um *Virka lánþegar síðast liðin þrjú ár frá árslokum 2013 eftir lánþegastöðu*, eru virkir lánþegar 3.152 (3.104). Það er um 43 % Akurnesinga.

Lánþegum fækkar í öllum lánþegastöðum en mest í flokki almennra lánþega, samkvæmt skýrslunni *Lánþegar eftir lánþegastöðu í árslok 2013*. 26 % Akurnesinga eru lánþegar í safninu, miðað við talningu gildra skírteini í árslok 2013. [Skýrslur eru á vef Landskerfis bókasafna/ Þjónustuvefur]

Lánþegar eftir lánþegategund í árslok 2013

Bókasafn Akraness (AKRAV)	Tegund	Fjöldi
	KK	93 (81)
	KV	481 (553)
		1.165 (1.179)
		1.739 (1.783)

Lánþegar eftir lánþegastöðu í árslok 2013

Safn Staða	Fjöldi
Bókasafn Akraness (AKRAV)	
01 - Alm lánþegar	806 (886)
03 - Börn yngri en 18 ára	569 (527)
04 - Frítt skírteini	324 (328)
06 - Bókin heim /skip	13 (6)
08 - Stofnanir / fyrirtæki	16 (20)
80 - MSL innlend söfn	11 (16)
	1.739 (1.783)

Lánþegaskírteini gildir á Akranesi og Borgarnesi.

Útlán Akranes Borganes 2013	Útlán	Lánþegar
Akurnesingar fá lánað frá Borgarnesi	389 (433)	26 (31)
Borgnesingar fá lánað frá Akranesi	464 (516)	41 (31)

Með Samstarfssamningi almenningsbókasafna á Akranesi og í Borgarbyggð, býðst lánþegum mun meira úrval af safnkosti og þjónustu en ella. Lánþegaskírteinin gilda á báðum stöðum og geta lánþegar heimsótt bæði söfnin að vild.

Þjónusta

Námsverið Svöfusalur. Nemendur á 4. ári í hjúkrun frá Háskólanum á Akureyri sóttu fjarfundi reglulega. Auk þess nokkrir aðrir nemendur frá HA. Um 30 háskólanemendur hafa aðgangskort að námsverinu og geta dvalið þar utan opnunartíma safnsins. Allri próftöku lauk á árinu, er Símenntunarmiðstöðin opnaði starfsstöð í gamla Landsbankahúsinu á Akranesi. Alla virka daga yfir vetrarmánuðina er námsverið opið frá kl. 8 að morgni, óháð því hvort viðkomandi hefur lykil eða ekki.

Bókin heim - Þjónusta við Höfða

Bókasafnsþjónusta fyrir heimilsfólk á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða hefur verið í boði, frá því heimilið tók til starfa. Á haustdögum sagði Höfði þjónustunni upp og tók uppsögnin gildi um áramótin. Heimilisfólk á Höfða getur óskað eftir þjónustunni *Bókin heim* og samvinna verður áfram á milli bókasafnsins og Höfða, en í öðru formi. En bókaverðir munu ekki lengur heimsækja heimilsfólk og kynna bækur.

Í upphafi sáu sjúkravinir Rauða krossins um þjónustuna, með stuðningi Bókasafns Akraness. Smám saman færðist þjónustan alfarið til bókasafnsins og síðustu árin í formi þjónustusamnings.

Bókasafnið þakkar starfsfólki Höfða fyrir ánægjulegt samstarf í gegnum tíðina og þeirra þátt í að gera bókasafnsþjónustuna eins vinsæla og hún hefur verið.

Barnastarf

Safnfræðsla

Nemendur í 4. bekk grunnskóla komu í skipulagða safnfræðslu. 8 (8) heimsóknir ; 101 (71) börn .

Sumarlestur 2013

Að venju stóð Bókasafni Akraness fyrir **Sumarlestri fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára**. Safnið iðaði af líffi allt sumarið og bækurnar bókstaflega rifnar út. Til að geta sinnt eftirspurn lánuðu bókasöfn Grundaskóla og Brekkubæjarskóla vinsælar bækur til bókasafnsins og var mikil ánægja með þá viðbót.

Markmiðið með sumarlestri er að hvetja börn til lesturs, njóta góðra bóka og auka færni sína í lestri milli skólaára. *Lestur er sport sem þarf að iðka.*

Börnin skráðu sig til leiks frá 1. júní og lauk lestrinum 9. ágúst. Í ár skráðu sig til leiks 228 (179) börn og þar af voru **160 börn** (138) virk, þ.e. komu reglulega í bókasafnið, völdu sér bækur til að lesa, skráðu lesnar bækur í Lesblaðið sitt og settu miða fyrir hverja lesna bók í bókanetið. Aldrei fyrr hafa svona mörg börn skráð sig í lesturinn. Samvinna við foreldra / forráðamenn er mikilvæg, því fylgjast þarf með að barnið lesi það sem skráð er og að barnið lesi bækur er hæfa lestrarfærni þess.

Börnin lásu **1.344 (1.593) bækur**, samtals **100.541 (137.679) blaðsíður**. Að jafnaði hefur því hvert barn lesið um 8 - 9 bækur. Þess má geta að 44 börn lásu meira en 1.000 blaðsíður.

Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda, en skipting milli kynja var á þessa leið. Strákarnir sækja á:

Stúlkur	Drengir
108 (104)	52 (34)

Flest börnin eru úr Brekkubæjarskóla og Grundarskóla en einnig eru þó nokkur úr Heiðarskóla eða gestkomandi í bænum. Aldurskipting var sem hér segir:

5 ára - 3 (1) börn	9 ára – 18(30) börn
6 ára – 20 (8) börn	10 ára – 19 (24) börn
7 ára – 34 (22) börn	11 ára – 17(26) börn
8 ára – 32 (20) börn	12 ára – 17 (7) börn

Sumarlestur – virkir þáttakendur – til samanburðar eru tölur frá 2012

Fjöldi barna	Stúlkur	Drengir	Lesnar bækur	Fjöldi blaðsíðna	Lesnar bls. pr. barn
160 (138)	108 (104)	52 (34)	1.344 (1.593)	100.541 (137.679)	628,3(997,6)



Koffort – farandbókasafn í leikskólann

Í kofforti lánuðust út 550 (940) bækur. 5 koffort, hvert með 50 bækur voru í gangi og lánuðust til allra leikskóla bæjarins. Þetta er annað árið sem verkefnið er í gangi.

Sögustund

Boðið er upp á sögustundir fyrir börn í leikskólum bæjarins. Leikskólar panta og koma í heimsókn. Skipulagðar heimsóknir leikskólabarna á árinu: 13 (19) heimsóknir ; 175 (298) börn. Ein sögustund var á pólsku á laugardegi á Vökudögum. Umsjón Angelika Fijal. Vonandi verða fleiri í framtíðinni.

Vökudagar - Fjölbreytt dagskrá á bókasafninu:

Bókmenntakvöld – sýningar – þátttökuverðlaun

Fjórir höfundar lásu úr glænýjum bókum sínum á bókmenntakvöldi: Jón Kalman, Vigdís Grímsdóttir, Eiríkur Guðmundsson og Þorsteinn frá Hamri. Gestgjafi kvöldsins var Sigurbjörg Prastardóttir, bæjarlistarmaður.

Steinsbiblían og Grallarinn Sýning á fágætum bókum úr safni sr. Björns Jónssonar (1927-2011). Að þessu sinni voru sýndar bækur úr Hólaprenti.

Vertu með – bókaverðlaun barnanna

Á hverju ári taka nemendur á grunnskólaaldri um land allt þátt í að velja bestu barnabókina. Að þessu sinni voru *Aukaspyrna á Akureyri eftir Gunnar Helgason* og *Dagbók Kidda klaufa, svakalegur sumarhiti í þýðingu Helga Jónssonar*, fyrir valinu sem bestu bækurnar.

Bókasafn Akraness veiti heppnum þátttakendum á Akranesi viðurkenningu fyrir þátt í valinu. Frá Brekkubæjarskóla: Svavar Karl Jónsson 9 ára og Kristján Magnússon, 8 ára. Frá Grundaskóla: Ingimar Elfar Ágústsson, 10 ára og Bergur Breki Stefánsson 9 ára.

Á Akranesi tóku um 250 krakkar þátt í valinu og þakkar Bókasafn Akraness þeim fyrir þátttökuna.

Hver var sagnakonan ævintýralega – Guðný Böðvarsdóttir frá Görðum?

Óskar Guðmundsson, rithöfundur flutti sagnfræðilegan fyrirlestur um Guðnýju Böðvarsdóttur (1148-1221) í tilefni af leiksýningu Skagaleikflokksins, í leikstjórn Jakobs S. Jónssonar.



Norræn bókasafnavika

Norræn bókasafnavika hófst mánudaginn 11. nóvember. Að venju bauð bókasafnið upp á dagskrá í samvinnu við Norræna félagið á Akranesi. Þema vikunnar í ár var „Vetur á Norðurlöndum.“ Dagskráin hófst með tónlistaratriði frá tónlistarskólanum. Hallbera Jóhannesdóttir, skólasafnskennari í Brekkubæjarskóla las texta ársins, úr Klakahöllinni eftir Tarjei Vesaas.

Ásta Björnsdóttir bókavörður sá um sögustund fyrir börn í vikunni, las söguna *Vetur hjá Plúpp* eftir Ingu Borg.

Sýningar

Litlar sýningar eru reglulega settar upp í safninu. Ýmist frá safninu /söfnunum eða gestasýningar.

Janúar

Örsýning alþýðulistamanns, Boga frá Hrísdal (Finnbogi Græðir Pétursson d. 1974). Málverkið er gjöf til Listasafns Akraneskaupstaðar.

Febrúar

Bannaðar bækur – sýning. Bækur hafa verið bannaðar um allan heim, á öllum tímum fyrir margra hluta sakir. Sýning á úrvali bannaðra bóka .

Maí

Örsýning í sal - Dúmbó og Steini

Hljómsveitin Dúmbó og Steini fagnaði á árinu að 50 ár voru liðin síðan Sigursteinn Hákona-son gekk til liðs við hljómsveitina. Til sýnis voru m.a. vínýl plötur hljómsveitarinnar (einkaeign).

Júní



Kaffipokatöskur

Töskur gerðar úr kaffipokum.

Handverk Margrétar Gunnarsdóttur, lítríkar og flottar Töskur.

Vor í lofti

Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi sýndi ljósmyndir 14 félagsmanna á veggjum bókasafnsins. Hver ljósmyndari sýndi tvær myndir. Sýningunni lauk 28. júní 2013.

Júlí

Myndlistasýningin VER

Sýningin var samsýning þriggja listakvenna, Guðrúnar Hrannar Ragnarsdóttur, Sólveigar Aðalsteinsdóttur og Þóru Sigurðardóttur. Sýningin var í Kirkjuhvoli, í umsjón starfsfólks bókasafns.

Þetta vilja börnin sjá - farandsýning á myndskreytingum í íslenskum barnabókum, er komu út árið 2012. Þátttakendur kepptu um íslensku myndskreyti verðlaunin sem kennd eru við Dimmalimm.

Október – nóvember.

Steinsbiblían og Grallarinn

Sýning á fágætum bókum úr safni sr. Björns Jónssonar (1927-2011). Sýndar bækur úr Hólaprenti.

Desember

Jólasýning bókasafnsins var úr Eldhúsbókinni, tímarit sem kom út á árunum 1958- 1986, útgefandi Setberg, Reykjavík. Til sýnis nokkur desemberblöð, er sýndu matarmenningu jólaföndur og fatasmekk á þessum árum.



Jólaskreytingar bókasafnsins var sjálfstæð sýning á aðventu og fram á þrettándann. Unnið upp úr gömlum afskrifuðum bókum. Bókajólatrén aukaeintök úr geymslunni. Hönnun starfsfólks bókasafnsins.

Nokkrar tölfræðiskýrslur

Útlán héldu áfram að dragast saman, á landsvísu, milli ára 2012 og 2013. Þessi samdráttur hófst árið 2010 en fram að þeim tíma var aukning útlána á milli ára umtalsverð.

Útlán 2008 -2013 Samanburður					
Árið	Útlán	Lánþegar	Íbúar	Útlán á íbúa	
2008	56.156	1472	6.630	8,4	
2009	58.401	1726	6.559	8,3	
2010	66.047	1802	6.600	10,0	
2011	65.557	1792	6.590	9,95	
2012	63.117	1783	6.636	9,51	
2013	60.786	1739	6.697	9,08	

Safnkostur samkvæmt deildum safnsins

Almenn deild : 31.578

Barnadeild: 7.907


Átthagadeild: 4.347

Björnssafn : 3.134 (óskráð í geymslu: ca 7.600)

Haraldssafn: 4.608

Geymslur : 29.886

Skráður safnkostur 31. des 2013: 81.460 (79.505)



Niðurstöður ársreikninga 2013

Tekjur:

6.269.875 (4.362.000 áætlun)*

bókasafn: 4.103.831

skjalasafn: 1.515.896

ljósmyndasafn: 650.148

Gjöld:

Bækur, tímarit, dvd og cd : 4.268.164 (4.780.000)*

Laun og launatengd gjöld : 40.444.562 (38.320.000)*

Innri leiga: 41.905.108 (41.905.000)*

Annar rekstarkostnaður: 9.554.391 (5.053.892)*

þar af vörukaup skjalasafns: 593.823

ljósmyndasafns: 332.556

Gjöld: 96.172.225 (áætlun 94.421.000)*

Tekjur: 6.269.875 (áætlun 4.362.000)*

*Fjárhagsáætlun 2013.

Athugasemd: Dregið hefur verið úr bókakaupum fyrir rekstarkostnaði safnanna.

Rekstarkostnaður skiptist milli bókasafns 80% og skjala- og ljósmyndasafns 20%. Skipting gróflega áætluð, en söfnin eru rekin sem ein heild, sjá ársreikninga Akraneskaupstaðar.

Upplýsingar sóttar til bókhaldsdeildar Akraneskaupstaðar, 25.03.2014

Akranesi, 27. mars 2014,

Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður